

S u ð u r b æ i r

Sveinbjörn Sigvatsson skráði.

Slöttur (1) er tindur milli Skriðudals (2) og Flögudals (3), Flögudalur innra megin. Flögudalur er grýttur og giljóttur; niður hann rennur Flöguá (4). Í mynni hans er hár klettastallur niður að láglendinu. Fram af honum fellur foss, kallaður Flögufoss (5). Landamerki [eru] frá honum niður í Gullgróf (6), svo beint í Breiðdalsá (7). Neðan undir Slettinum eru hjallahlíðar fyrst, svo móar og mýrar neðst. Þar á sléttunni eru húsatóftir, þar nefnd Litlaflaga (8). Utan við Slöttinn er Skriðudalur; niður hann rennur Skriðuá (9) alla leið í Breiðdalsá. Utan í Sletti eru meingil (svo) og hengiflug.

Stangarskaró (10) er suður úr Skriðudal. Ytra megin er Skriðudalur nokkuð grösugur. Kvensöólar (11), fyrir utan hann (svo) bratt fjallið niður að Skriðubæ. Skriða og Skriðustekkur standa undir fjallinu, stutt á milli bæja, Stekkurinn innar, þar á holti stutt frá Skriðu. Fyrir neðan bæina eru mýrar og holt á milli, mest þeirra og neðst Stórholt (12). Þar fyrir neðan Skriðublá (13), nafnfrægt engi, niður að Dalsá (14). Keldur í blánni: Innst Stampar (15), djúpir hverar. Þaðan rennur Stampakíll (16), svo Skolakíll (17), svo Illakelda (18). Fyrir neðan Skriðu, úr lækjum og ræsum, myndast Holtakíll (19),

svo Rollukelda (20), sem rennur í Hjálmarstjörn (21).

Tröllhamrar (22) eru utan við Kvensöðla, stuttur klettastapi; innst við þá er Merkigil (23), landamerki milli Skriðu og Randversstaða. Svo bein merki niður í Illukeldu (24). Austurbær eiga fyrir neðan Illukeldu blána. Það er æði stór spilda milli Illukeldu og Breiðdalsár. Neðan undir Tröllhömrum er stór hjalli, nefndur Böðvarshjalli (25), allur grasi vaxinn. Randversstaðabær stendur þar neðan undir. Út frá bænum liggur Randversstaðahjalli (26), mjór hjalli, Grámosahjallar (26a) þar neðar og hraun. Niður frá Randversstöðum eru mýrar og holt, neðst Fénaðarnolt (27). Þar utar Halaklettur (28). Neðan við holt og hraun er Hjálmarstjörn; úr henni [rennur] Randversstaðakíll (29), sem rennur í Breiðdalsá. Randversstaðablá (30) fyrir neðan kíll niður að Illukeldu. Axartjörn (31) rennur úr Illukeldu í Randversstaðakíll yzt í blánni.

Fyrir utan Tröllhamra er Brekkuborgarmúli (32), sem fer lakkandi út á enda, graslítill með klettabeltum. Randversstaðahjalli liggur út á hann; þar neðar Tó/f/u-hlíðar (33). Utan við Tröllhamra er gil niður á sléttu. Það er landamerki milli Brekkuborgar og Randversstaða.  
(34)  
Niður frá Merkigili/er langur þverklettur, nefndur Skollabáلكur (35). Hann er merkjaáframhald (svo); þaðan bein lína í Axartjörn. Upp við Brekkuborgarmúla standa beitarhús, nefnd Fellshús (36); þar nokkuð neðar Brekkuborgarbær. Landið frá fjalli til ár [er] mýrar og hraun á milli, nema innst og neðst. Þar er einlægt gras/s/tykki, nefnt Brekkuborgartangi (37); þar er lítið stöðuvatn,

nefnt Fiskivatn (38); var töluverður silungur í því til forna. Þar átti Eydalaprestur þá veiði. Úr Fiskivatni rennur kill út í svonefnt Rot (39), sem liggur frá Breiðdalsá og fellur í hana aftur. Tangi milli Rots og Breiðdalsár er gott áhaldi (svo) fyrir kindur, nú girt yfir hann innst. Bæjarlækur á Brekkuborg er leirblandinn mjög. Túnið þar er mest brekka. Þar út og uppi í mýrunum eru margar tjarnir, nefndar Lómatjarnir (40). Þar utar Brekkuborgarvatn (41), æði stórt. Rennur kill úr því niður í á, nefndur Butraldi (42). Þar rétt fyrir utan eru tveir fossar í Breiðdalsá, nefndir Beljandi ytri (43) og innri (44).

Stutt fyrir utan og sunnan Beljanda (45) er Lambalækur (46), fellur í Dalsá. Það er landamerki milli Brekkuborgar og Fagradals, bein lína, þaðan sem hann fellur í ána og í klettkamb á Múlabrún (47), sem nefndur er Merkikambur (48). Fagradalsbær stendur utan og sunnan við Brekkuborgarmúla. <sup>(49)</sup> Fossdalur/liggur í norðvestur frá Fagradalsbæ. Hann er æði langur, liggur inn á bak við Tröllhamra og Kvensöóla. Hann er skógi vaxinn yzt, nokkuð grösugur; innan til er langur hjalli, nefndur Geldsauóahjalli (50). Þar fyrir innan, í bug fyrir dalbotninn, er Dragarhjalli (51).

Blágil (52) liggur niður frá Kvensöóulstindi (svo) (53) beint niður í dalsá, Fossá (53), sem nefnd er og rennur fram dalinn og í Fagradalsá (54) fyrir vestan bæinn. Fagridalur (55) liggur í suðvestur frá bænum. Hann er nokkuð grösugur, skógi vaxinn yzt. Sá skógur [er] nefndur Selskógur (56). Í miðjum brekkum, innra megin, er langur

hjalli, nefndur Engjahjalli (57). Þar ofar Grænafells-  
hjalli (58); Grænafell (59) er tindur milli Fossdals og  
Fagradals. Niður frá því er melhryggur niður að Fossá,  
nefndur Selhryggur (60). Sunnan við Grænafell er dalskor-  
lítill, heitir Hvanndalur (61). Gil niður úr honum [heitir  
Hvanngil ytra (62). Hvanngil innra (63) [er] lítið innar.  
Dragarhjalli frá því kring/um/ dalbotninn.

Fagradalsá hefur upptök sín í dalstafni, rennur  
beint fram dalinn, stutt fyrir sunnan bæinn. Eftir það  
í smábugum niður í Breiðdalsá; lítið fyrir neðan Fagradals-  
bæ eru beitarhús, nefnd Stekkur (64). Utan undir múlanum  
er háls, nefndur Fagradalsháls (65). Yfir hann er vegur.

Nes (66) er nefnt út og niður frá bænum, hraun-  
ótt mjög og mýrarskott á milli. Rétt fyrir innan Fagra-  
dalsá [er] fallett gljúfur. Þar rennur Breiðdalsá gegnum.  
Þar [er] Gljúfrahyllur (67), þar afbragðs brúarstaði. Þar  
stutt fyrir innan rennur Tinnudalsá í Breiðdalsá.

Fagradalur er góð sauðjörð; þar [er] afbragðs  
veðursæld í norðanátt, en hvöss sunnanveður. Þar er af-  
rétt frá Brekkuborg og Ranversstöðum. Heyskapur er  
lítill í Fagradal, en tún í meðallagi. Stutt fyrir utan  
bæinn við Fagradalsá er tilbúin eins og fjárrétt af  
klettum, nefnd Hagi (68) og áin annar/s/ vegar. Þar er  
oft rútió fé á vorin. Gömul munnmælasaga [er] um, að þar  
hafi verið hýst lömb að hausti til, þá hafi um nótt komið  
stórrigning og skriðuhlaup svo mikið í ána, að lömbin hafi  
ölli farizt, nema einn geldingur grár hafi staðið þar á  
klettastalli.

Stafrófsskrá örnefna.

Axartjörn 31	Hvanngil innra 63
Beljandi 45	Hvanngil ytra 62
Beljandi innri 44	Illakelda 18,24
Beljandi ytri 43	Kvensöðlar 11
Blágil 52	Kvensöðulstindur 53
Breiðdalsá 7 = 14	Lambalækur 46
Brekkuborgarmúli 32	Litlaflaga 8,
Brekkuborgartangi 37	Lómatjarnir 40
Brekkuborgarvatn 41	Merkigil 23
Eutraldi 42	Merkigil 34
Eððvarshjalli 25	Merkikambur 48
Dalsá 14 - 7	Múlabrún 47
Dragarhjalli 51	Nes 66
Engjahjalli 57	Randversstaðablá 30
Fagradalsá 54	Randversstaðahjalli 26
Fagradalsháls 65	Randversstaðakíll 29
Fagridalur 55	Rollukelda 20
Fellshús 36	Rot 39
Fénaðarholt 27	Selhryggur 50
Fiskivatn 38	Selskógur 55
Flöguá 4	Skolakíll 17
Flögudalur 3	Skollabálfur 35
Flögufoss 5	Skriðuá 9
Fossá 53	Skriðublá 13
Fossdalur 49	Skriðudalur 2
Geldsauðahjalli 50	Slöttur 1
Gjúfrahylur 67	Stampakíll 16
Grámosahjallar 26a	Stampar 15
Grænafell 59	Stangarskaró 10
Grænafellshjalli 58	Stekkur 64
Gullgróf 6	Stórholt 12
Hagi 68	Tófuhlíðar 13
Halaklettur 28	Tröllhamrar 22
Hjálmarstjörn 21	
Holtakíll 19	
Hvanndalur 61	